

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Þóris Þorvaldssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 10. júní 2021
UST202105-289/Í.M.J.
08.12.00

Mat á umhverfisáhrifum – breyting á hvíldartíma og eldissvæðum í Patreksfirði og Tálknafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Fyrirtækin Arctic Sea Farm hf. og Arnarlax ehf. (hér eftir nefnd rekstraraðilar) áforma að sækja um breytingu á skilyrðum starfsleyfa fyrirtækjanna þar sem hvíldartími og eldissvæði eru endurskoðuð. Fram kemur í tilkynningarskýrslum að rekstraraðilar samræmi starfsemi sína í báðum fjörðum þegar kemur að útsetningu, sjúkdómavörnum og hvíldartíma og muni gera það áfram eftir breytingarnar.

Annars vegar er um að ræða breytingu á fjölda, staðsetningu og lögun eldissvæða. Breytingin felst í því að eldissvæði við Hlaðseyri, sem er innst af núverandi eldissvæðum í Patreksfirði verður aflagt og bætast við tvö ný svæði nær mynni fjarðarins, við Vatneyri annars vegar og að Háanesi hins vegar. Þá mun eldissvæðið við Kvígindisdal stækka til vesturs og eldissvæði við Laugardal í Tálknafirði til vesturs.

Hins vegar er fyrirhuguð stytting á hvíldartíma eldissvæða milli kynslóða. Í núgildandi leyfum er hvíldartíminn a.m.k. 6 mánuðir en verður með breytingunni a.m.k. 90 dagar sem er lágmarkshvíldartími sjókvíaeldis skv. 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Umhverfisstofnun vísar til umsagnar stofnunarinnar dags. 4 desember sl. um fyrirspurn um matsskyldu vegna breytinga á eldissvæðum rekstraraðila í Patreksfirði sem er í meginatriðum sú sama hvað varðar þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til.

Umhverfisstofnun telur þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á hvíldartíma milli kynslóða á eldissvæðum rekstraraðila ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til. Í tilkynningarskýrslu er lögð fram viðbragðsáætlun um aðgerðir sem grípa skuli til ef niðurstöður vöktunar sýna að svæði þarfnist lengri hvíldar en gert er ráð fyrir í útsetningaráætlun í samræmi við staðalinn NS9410:2016. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfum munu verða ákvæði þess efnis að stofnunin

geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar.

Niðurlag

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram þau áhrif sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur